Starfshópur vegna Vinnuskólans 2020

Lokaskýrsla og framtíðarsýn

Í byrjun árs 2020 skipaði sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs ásamt sviðsstjóra Umhverfis- og skipulagssvið starfshóp sem fékk það verkefni að skoða með hvaða hætti hægt sé að efla Vinnuskóla Hafnarfjarðar enn frekar. Hópnum var falið að skoða vel hvað hefur verið gert á undanförnum sumrum og hvar tækifæri liggja til umbóta. Tryggja skal að Vinnuskóli Hafnarfjarðar haldi áfram að vaxa þannig að ungt fólk sækist í að starfa þar og að skólinn uppfylli þau markmið sem sett eru varðandi hina ýmsu verkþætti sem snúa að umhverfis- og garðyrkjuverkefnum og öðrum verkefnum er varðar góða umhirðu, gott viðhald og almenna fegrun bæjarins. Einnig að önnur verkefni sem starfsmenn Vinnuskólans sinnir séu skipulögð og unninn eins og fjöldi starfsmanna leyfir hverju sinni. Skýrt sé að það þarf að forgangsraða verkefnum hverju sinni og ásýnd bæjarins sé þar í forgrunni.

Starfshópurinn skipuleggur einnig flutning Vinnuskólans í vor á nýjan stað.

Í hópnum starfar Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri, Björn Bögeskov Hilmarsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar, Sunna Magnúsdóttir rekstrarstjóri Vinnuskólans, John Bond forstöðumaður ungmennahússins Hamarsins og Jón Grétar Þórsson yfirflokkstjóri Vinnuskólans frá sumrinu 2019.

Hópurinn hittist 7 sinnum á tímabilinu. Áætlað var að heimsækja Vinnuskólann í Reykjavík og Vinnuskóla Kópavogs en vegna aðstæðna í samfélaginu þurfti hópurinn að hætta við slík plön. Síðustu fundir nefndarinnar voru haldnir í gegnum fjarfundarbúnað.

Hlutverk Vinnuskóla Hafnarfjarðar og markmið

Megin **hlutverk** Vinnuskóla Hafnarfjarðar er að veita nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla og fyrsta bekk framhaldsskóla uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi.

Öllum nemendum 8., 9. og 10. bekkja auk fyrsta árs nemum framhaldsskóla býðst að koma til starfa við fjölbreytt verkefni sem flest snúa að garðyrkju og umhirðu í bænum. Önnur verkefni sem ungmennunum bjóðast eru til dæmis sem leiðbeinendur hjá Íþrótta- og tómstundafélögum, á leikskólum, í Skógrækt Hafnarfjarðar og móttöku störf í söfnum bæjarins.

Markmið Vinnuskóla er að halda ungmennum í virkni yfir sumartímann þegar hefðbundið skólastarf er ekki til staðar. Verkefni vinnuskólans eiga að vera þroskandi og kenna á ungmennunum dyggðir eins og reglusemi, stundvísi og ábyrgðatilfinningu. Vinnuskólinn í Hafnarfirði leggur mikla áherslu á að starfsumhverfið sé hvetjandi og gefandi.

Vinnuskólinn í Hafnarfirði

Vinnuskólinn í Hafnarfirði hefur verið starfræktur síðan 1951. Undanfarin ár hafa um 1000 manns starfað á vegum skólans á hverju sumri. Vinnuskólinn tilheyrir Mennta- og lýðheilsusviði en vinnur í nánu samstarfi við þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar á Umhverfis- og skipulagssviði. Skipta mætti starfsemi Vinnuskólans í tvo flokka, annars vegar ungmenni 14-17 ára sem flokka mætti sem nemendur Vinnuskólans og hins vegar sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem sinna flokkstjórn, grasslætti, viðhaldsverkefnum, garðyrkju, umhverfismálum, verkstjórn og skrifstofuhaldi.
Fjöldi ungmenna, 14-17 ára síðast liðin ár hefur verið um 700 og fjöldi starfsmanna 18 ára og eldri rúmlega 300.

Megin þorri ungmenna starfa við garðyrkju í sínu skólahverfi. Ný útskrifaðir nemendur úr grunnskóla og nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla fá tækifæri til þess að óska eftir öðrum störfum svo sem hjá íþrótta- og tómstundafélögum, hjá tómstundamiðstöðvum, leikskólum og söfnum bæjarins. Reynt er að koma til móts við óskir flestra en áhugi fyrir þessum störfum hefur ávalt verið meiri en framboð.

Vinnuskólinn hefur einnig haldið úti Tómstundanámskeiðum fyrir börn í miðdeild grunnskólanna, gæsluvellinum Róló, listahóp, grænfánahóp, jafningafræðslu og fjölskyldugörðum.

Flest ungmenni eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði þegar þau hefja störf í Vinnuskólanum og fagleg móttaka nýliða er því mjög mikilvæg.

Suðurgata 14 – Ný húsakynni Vinnuskólans

Vinnuskólinn verður í nýjum húsakynnum sumarið 2020 að Suðurgötu 14 þar sem Hamarinn, ungmennahús Hafnarfjarðar er með starfsemi yfir vetrartímann. Gámum með verkfærum, tækjum og tólum verður komið fyrir tímabundið á lóðinni bak við húsið á lóð Íþróttahússins við Strandgötu.

Húsnæðisvandi Vinnuskólans hefur verið áhyggjuefni stjórnenda Vinnuskólans síðustu ár. Hentugt húsnæði fyrir Vinnuskóla þarf að vera vel staðsett miðsvæðis í bænum, hafa góðann verkfæralager eða

áhaldageymslu helst þannig að bíll komist inn og hægt sé að athafna sig vel við viðgerðir og fleira, aðstaða fyrir skrifstofu Vinnuskólans þarf að vera til staðar, móttaka eða afgreiðsla, fundarherbergi, kennslurými, matsalur, salerni og fataskiptiaðstaða.

Nú strax á fyrstu dögum Vinnuskólans í nýjum húsakynnum metur hópurinn það svo að gríðarleg tækifæri liggi í þessari samnýtingu rýmisins við ungmennahúsið Hamarinn. Það er einstakt tækifæri að ungmennahús breytist í lifandi vinnustað á sumrin í hjarta bæjarins.

Ungmennahús með Vinnuskóla innanborðs skapar heilsárs tengingu forstöðumanns og starfsmanna Ungmennahússins við ungmenni bæjarins. Þetta á bæði við um ungmenni 17 ára og yngri sem og annarra sumarstarfsmanna 18 ára og eldri. Fagleg þekking og reynsla starfsmanna Hamarsins nýtist starfsemi Vinnuskólans og með þessu móti væri hægt að halda úti heilsársrekstri Hamarsins með viðburðum og hópastarfi yfir sumartímann eins og þykir henta hverju sinni.

Eftirfarandi eru áherslur starfshópsins:

- *Kennsluáætlun árganga* (lærdómsferill). Hópurinn leggur til að gerð verði viðeigandi kennsluáætlun fyrir hvern árgang fyrir sig. Kennsluáætlun myndi útlista hvaða hæfni/þekkingu ungmenni í 8., 9. og 10. bekk auk fyrsta árs nemum framhaldsskóla ættu að hafa tileinkað sér eftir sumarið. Kennsluáætlunin myndi stigmagnast eftir því sem þau eldast og taka inn fleiri þætti. Dæmi um hæfni eða þekkingu getur verið allt frá samskiptum á vinnustað, ástundun, vinnusemi, frumkvæði, þekkingarleit, samvinnu, framkomu, lesa launaseðla, skila skattkorti eða gera ferilskrá.
- *Vinnumarkaðsfræðsla* – Leggja þarf áherslu á að fræðsla ungmennanna snúi að undirbúningi fyrir frekari störf á vinnumarkaði. Vinnuskólinn á að vera blanda af fræðslu og vinnu.
- *Móttaka nýliða*. Leggja þarf meiri áherslu á upphafsdaga ungmennanna í starfi. Ungmennin þurfa að fá kynningu á starfsemi Vinnuskólans og á kennsluáætlun sumarsins auk verklegrar sýnikennslu hvernig bera eigi sig að við verkefnin framundan. Kynning á starfsemi Vinnuskólans og kennsluáætlun yrði í höndum umsjónarmanns og verkstjóra VH en verkleg sýnikennsla í höndum flokkstjóra. Í upphafsvikunni færu fram kynningar, fræðsla og skemmtun
- *Starfsþjálfun flokkstjóra*. Tryggja þarf viðeigandi fræðslu fyrir okkar mikilvægasta fólk sem vinnur með ungmennum bæjarsins alla daga. Fræðsla til flokkstjóra þarf að vera vel ígrunduð og góð svo þeir geti miðlað áfram til sinna ungmenna. Flokkstjórar kenna ungmennunum réttu handtökin frá

upphafi. Þeir fara yfir öryggisatriði á vinnustað, leiðbeina nemendunum um rétta líkamsbeitingu, passa uppá þyngd úrgangspoka og meðferð verkfæra. Kennsla og þjálfun yrði í höndum starfsmanna þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðar og annarra fagaðila svo flokkstjórar læri rétt vinnubrögð frá fyrstu hendi.

- *Upplýsingagjöf til foreldra*. Hópurinn telur mikilvægt að taka upp sérstakt kerfi sem heldur utan um ýmsar upplýsingar er varða ungmenni Vinnuskólans. Upplýsingar á borð við viðveruskráningar, endurgjöf og tilkynningar. Kerfið er ætlað ungmennunum sjálfum, foreldrum þeirra og starfsmönnum Vinnuskólans. Þau kerfi sem til eru á markaði eru til dæmis Kría eða Vala Vinnuskóli.
- *Kynningar og fræðslufundur (eða fræðsluefni) fyrir foreldra*. Við upphaf Vinnuskólans fá foreldrar yngstu ungmennanna boð á kynningu á sumarstarfinu. Farið yrði yfir verkefni sumarsins, reglur Vinnuskólans, réttindi og skyldur. Kennsluáætlun árganganna (lærdómsferill ungmenna) yrði einnig kynntur.
- *Grænn leiðbeinandi*. Hópurinn leggur mikla áherslu á að umhverfismál fái stærri sess innan Vinnuskólans. Umhverfisfræðsla ætti að vera rauði þráðurinn í verklegu starfi Vinnuskólans og Vinnuskólinn ætti alltaf að vinna að því að viðhalda grænafána Landverndar. Grænn leiðbeinandi væri umhverfisverkstjóri skólans sem kæmi til með að vinna þvert á hópa, sinna fræðslu og leiða grænfánavinnu skólans.
- *Plokkdagur Vinnuskólans*. Einn af fyrstu dögum Vinnuskólans væri tileinkaður plokki í nærumhverfi þar sem plast og annar úrgangur yrði hreinsaður af svæðinu. Í kjölfarið fengju nemendur fræðslu um áhrif neysluhátta þeirra á umhverfið, rétta flokkun á úrgangi og endurvinnslu. Nánari útfærsla í höndum umhverfisverkstjóra skólans.
- *Vinnuskólaskógur í samstarfi við Skógrækt Hafnarfjarðar*. Vettvangsferð allra hópa einhvern tímann yfir sumarið í Skógrækt Hafnarfjarðar þar sem allir nemendur Vinnuskólans myndu því taka þátt í að planta trjám í Vinnuskólaskóg og þar með kolefnisjafna starfsemi Vinnuskólans það sumarið.
- *Ungmennaráð/nemendaráð Vinnuskólans eða húsráð sumarsins* – hópurinn telur að bæta mætti vettvang og leiðir ungmenna Hafnarfjarðar að skipulagi Vinnuskólans svo þeim sé kleift að koma skoðunum sínum á framfæri. Einnig væri áhugavert að leyfa ungmennunum að halda viðburði yfir sumartímann í samstarfi við ungmennahúsið Hamarinn.
- Fyrir nokkrum árum voru skólagarðar Hafnarfjarðar fimm talsins. Starfsemi þeirra hefur breyst undanfarin ár og köllum við þá nú *Fjölskyldugarða*. Farið hefur verið frá þeirri hugmynd að hafa

starfsmenn á staðnum allan daginn og bjóða uppá forræktað grænmeti í það að leiga staka garða. Hópurinn leggur áherslu á að bjóða uppá námskeið í görðunum sumarið 2020 undir leiðsögn fagfólks. Einnig hefur hópurinn áhuga á að skoða hvort skipta ætti hvorum garði við sig upp, annar helmingur yrði fyrir fjölskyldugarða og hinn helmingur yrði vistgarður (samyrkjugarður) leigður til íbúa til lengri tíma en eins sumars í senn. Sjá nánar hugmyndir í fylgiskjali 1.

- *Ungmenni 17 ára* – Hafnarfjarðarbær ræður öll 17 ára ungmenni til vinnu. Hópurinn telur mikilvægt að því verði haldið áfram. Síðasta sumarið sem þessi ungmenni flokkast sem börn og því mikilvægt að þau fái góða vinnumarkaðsfræðslu. Tryggja þarf að öll 17 ára ungmenni fái slíka fræðslu. Stór hluti 17 ára umsækjenda hefur sinnt störfum í miðbæ Hafnarfjarðar og telur hópurinn mikilvægt að hafa öflugan hóp þar að störfum. Ásýnd og umhirða í miðbænum hefur mikið að segja um heildarásýnd bæjarins. Hópurinn telur þó einnig mikilvægt að þessum aldurflokki standi fleira til boða eins og störf inná leikskólum, hjá íþrótta- og tómstundafélögum, Skógrækt Hafnarfjarðar og söfnum bæjarins.
- *Skapandi sumarstörf – 18 ára og eldri*. Horft til Kópavogs sem rekur skapandi sumarstörf innan ungmennahúss bæjarins. Skapandi verkefni sem glæða bæinn lífi, gera hann skemmtilegri, fallegri og fjölbreyttari með listrænum og skapandi hætti. Hópurinn leggur áherslu á að staðið verði fyrir fleiri og fjölbreyttari verkefnum en aðeins leiklist. Sjá nánar um fyrirmynd þessa verkefnis frá Kópavogi í fylgiskjali 2.
- *Sumarstörf 18 ára og eldri* – aðstoðarflokkstjórn. Hópurinn telur mikilvægt að halda í kröftugt starfsfólk sem staðið sig hefur vel sem ungmenni og bjóða þeim aðstoðarflokkstjórastöður. Með þessum hópi gætum við brúað ákveðið bil milli ungmenna og flokkstjóra (21 árs og eldri) og þjálfað upp tilvonandi flokkstjóra.
- *Sumarstörf 18 ára og eldri – garðyrkju- og vinnuhópar*. Öflugir vinnuhópar starfa undir leiðsögn þjónustumiðstöðvar og mikilvægt að halda þeim hópum áfram. Hátt í 50 starfsmenn eru í þessum hópum og eru þeir gríðarlega mikilvæg viðbót við starfsemi þjónustumiðstöðvað Hafnarfjarðar.
- *Slátturhópur* – sinnir garðslætti á móti verktökum á öllum grænum svæðum bæjarins og á stofnanalóðum. Unnið er að stafrænu svæðakorti sem auðveldar yfirsýn yfir öll græn svæði auk upplýsinga um tíma- og verkáætlun hópsins. Hópurinn leggur áherslu á að koma þessu korti í gagnið strax í sumar.
- *Blómahópur* – sér um að koma niður öllum sumarblómum bæjarins. Öll blóm eiga að vera tilbúin fyrir 17.júní eftir það tekur við umhirða og vökvun. Hópurinn hefur einnig sinnt trjáklippingum og ýmsri vinnu á stofnanalóðum undir leiðsögn garðyrkjustjóra.

- *Viðhaldshópur* – er mikilvægur liðsauki við heilsársráðna starfsmenn þjónustumiðstöðvar. Þessi hópur sér um að mála leiktæki bæjarins, leggja þökur, sinna flutningum og aðstoða starfsmenn þjónustumiðstöðvar við tilfallandi verkefni.
- *Þátttaka í sameiginlegum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu* – Ýmis verkefni hafa verið í gangi á sveitafélögunum í kringum okkur sem hópurinn vill að Hafnfirsk ungmenni fái einnig tækifæri til að taka þátt í. Þetta eru verkefni á borð við umhverfisþing, störf hjá UngRúv, samstarf um fræðslu við Hitt húsið og Sjávarútvegsskólann.
- *Framtíðarhúsnæði* – Samspil Vinnuskólans og Hamarsins er afar spennandi. Núverandi húsnæði Hamarins er þó ekki sniðið að þörfum Vinnuskóla, tryggja þarf skólanum meira pláss og leggur hópurinn því til hvort skoða mætti frekari rými að Suðurgötu 14 eða jafnvel Suðurgötu 16. Suðurgata 16 er ekki í eigu bæjarins en sér hópurinn mikla möguleika í því húsnæði á besta stað í bænum ef vilji væri fyrir því að gera það hús að framtíðarstað Vinnuskólans.
- *Samstarf við íþrótta- og tómstundafélög*. Gott samstarf hefur verið milli Vinnuskólans og íþrótta- og tómstundafélaga í bænum. Félögin standa fyrir fjölda námskeiða yfir sumartímann sem þau gætu ekki gert án aðkomu sumarstarfsmanna í gegnum Vinnuskólans. Huga þarf að auknu samstarfi við félögin hvað skrifstofuvinnu varðar eins og til dæmis tímaskráningar og annan launafrágang.
- Eftir sumarið 2019 var ákveðið að *tómstundanámskeið* ætluð börnum í 4 – 7 bekk færu alfarið yfir í umsjón Tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðar. Fagleg þekking á tómstundastarfi sem slíku liggur hjá deildarstjórum og starfsmönnum Tómstundamiðstöðvanna en ekki hjá Vinnuskólanum.
- *Gæsluvöllurinn Róló* verður áfram rekinn af Vinnuskólanum sumarið 2020 en gerir hópurinn ráð fyrir því að breyting verði þar á sumarið 2021 í samræmi við breytta lokun leikskóla Hafnarfjarðar frá og með því sumri.

Starfsmenn Vinnuskólans og vinnuframlag þeirra til bæjarins er mjög mikilvægt í okkar samfélagi. Til að þetta vinnuafl geti reynst okkur sem best á þeim stuttu sumrum sem við búum við þarf starfið að vera mjög vel skipulagt og byrja strax með krafti frá fyrsta degi. Verkefnin eru æri mörg og mikilvæg og því er áríðandi að þeim sé forgangsraðað sem best. Samvinna sviðanna tveggja sem koma að sumarstörfunum gengur vel og nýtist þekking af báðum sviðum. Starfsmenn Mennta- og lýðheilsusvið hafa þekkingu, menntun og reynslu á hinum ýmsu þörfum, hegðun og kröfum unga fólksins og geta tekið á hinum ýmsum málum sem koma upp t.d. varðandi agamál, brot á vinnureglum, eineltismálum o.s.frv. Starfsmenn

Umhverfis- og skipulagssviðs hafa þekkingu, menntun og reynslu af umhverfis- og garðyrkjumálum og einnig framkvæmdum almennt þ.e.a.s. skipulag á vinnu, fagleg vinnubrögð og almenna eftirfylgni og eftirlit á öllum þeim verkefnum sem sumarstarfsfólkið og aðrir eru að vinna í út á örkinni. Hópurinn leggur áherslu á að halda þessari samvinnu áfram og veit til þess að sveitarfélög í kringum okkur hafa horft til okkar í gegnum árin.

Hafnarfirði, 7.apríl 2020

Virðingarfyllst,

Björn Bögeskov Hilmarsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar

Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri

John Bond forstöðumaður ungmennahússins Hamarsins

Jón Grétar Þórsson yfirflokkstjóri Vinnuskólans 2019

Sunna Magnúsdóttir rekstrarstjóri Vinnuskólans

Fylgiskjal 1

Fjölskyldugarðar

Hópurinn horfir til þess að hægt verði að bjóða bæjarbúum uppá námskeið í byrjun sumar undir leiðsögn garðyrkjustjóra og/eða í samstarfi við ýmsa utanaðkomandi aðila. Landbúnaðarháskóli Íslands eru með námskeið og Garðyrkjufélag Íslands býður upp á ýmislegt tengt ræktun og svo gætu ýmsir grænir matgæðingar haldið úti fræðslu tengdum görðunum. Námskeiðið gæti verið ein kennslustund á dag í eina til tvær vikur þar sem bæjarbúar fá tækifæri til að læra réttu handtökin frá faglærðum aðila. Verkefnið styður við hugmyndafræði Heilsubæjarins Hafnarfjarðar þar sem íbúar eru hvattir til þess að rækta eigið grænmeti. Inn í þessa hugmyndavinnu má síðan fara með lengra inn í Hafnfirskt samfélag. Moltugerð, lífrænn úrgangur í garðinum og fleira sem gæti tvinnað inn á þá umhverfisþætti sem þjóðfélagið er hægt og bítandi að stefna.

Skólagarðar/Fjölskyldugarðar.

Tími: Fjögur skipti í lok maí/byrjun júní – það væri líka hægt að hafa fleiri skipti.

Lengd: 1-1,5 klst í senn

Markhópur: Aðilar sem leigja fjölskyldugarð hjá Hafnarfjarðarbæ

Hámarksfjöldi: ??

Kennsla: Fyrirlestrar í bland við sýnikennslu þar sem það er hægt að koma því við. Ekki er um eiginlega verklega kennslu að ræða.

Efnistök:

1. Jarðvegur, undirbúningur og skipulag
2. Útplöntun, sáning og ábyrðargjöf
3. Illgresi, sjúkdómar og meindýr
4. Umhirða, uppskera og nýting afurða

Kennsla: Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur

Verð: 30.000kr fyrir hvert skipti, einn reikningur frá LbhÍ yrði sendur á Hafnarfjarðarbæ.

Annað: Hvort viljum við hafa þetta erindi sem eru flutt innandyra með glærum o.fl., eða hafa þetta utandyra – eða í bland? Aðstaða og kostnaður við aðstöðuna yrði hjá Hafnarfjarðarbæ.

Vinnuskólinn í Hafnarfirði

Tími: Eitt skipti í lok maí/byrjun júní

Lengd: 2 klst

Markhópur: Flokkstjórar í vinnuskóla Hafnarfjarðar

Hámarksfjöldi: ??

Kennsla: Fyrirlestur. Ekki er um eiginlega verklega kennslu að ræða, en myndir sýndar af því sem við á.

Efnistök:

1. Umhirða grænna svæða
2. Beðahreinsun, hreinsun á stéttum
3. Aðrir umhirðuþættir

Kennsla: Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur

Verð: 40.000kr, einn reikningur frá LbhÍ yrði sendur á Hafnarfjarðarbæ.

Annað: Þetta erindi er hugsað innandyra, í fyrirlestrarsal/fundarherbergi með aðgangi að skjávarpa. Aðstaða og kostnaður við aðstöðuna yrði hjá Hafnarfjarðarbæ.

Fylgiskjal 2

Skapandi sumarstörf 18 ára og eldri undir handleiðslu starfsmanna Ungmennahússins Hamarsins.

Meðfylgjandi er lokaskýrsla skapandi sumarstarfa í Kópavogi frá sumrinu 2019. Hópurinn horfir til Kópavogs hvað úfærslu skapandi starfa varðar.

Lokaskýrsla Skapandi sumarstarfa 2019 (stutt útgáfa)

Nú er lokið 14. starfssumar Skapandi sumarstarfa í Kópavogi. Skila þurfti inn á Alfreð umsókn og einnig senda greinagerð á verkefninu til Molans. Aðsóknin í ár var mikil en alls var sótt um 25 (45 einstaklingar) verkefni til að starfa yfir sumarið. Það varð því að vanda valið enda aðeins pláss fyrir 25 einstaklinga. Tekið var tillit til frumleika verkefna, tímaáætlana, fjölda einstaklinga í verkefni ,fjölbreytni, fjárhagsáætlunar, gæði umsókna og reynslu. Einnig var reynt að hafa jafnt kynjahlutfall. Ekki þótti þörf á að halda viðtöl og var valnefndin frekar sammála í valinu. Alls voru tekin inn 15 verkefni, blanda af einstaklings og hópverkefnum. Inn í vegglistahópinn voru svo valin 3 ungmenni en í valinu þar var mest tekið tillit til reynslu. Í valnefnd voru Andri Lefever forstöðumaður Molans, Árni Thor Guðmundsson starfsmaður Molans, Anna Kristín Gísladóttir starfsmaður Molans og Tómas Leó Halldórsson umsjónarmaður Skapandi sumarstarfa.

Verkefnin sem voru valin:

Tónlist

K.óla – Katrín Helga Ólafsdóttir

Frá rótum til fóta – Agnes Ársælsdóttir

Ómverund – Þorsteinn Eyfjörð

Drottningin af SaBa – Salóme Katrín Magnúsdóttir og Baldvin Snær Hlynsson

Ritlist

Svarthvítt – Annalísa Hermannsdóttir og Erna Mist Pétursdóttir

Stuttmyndgerð

Borgarsinfónía – Arína Vala Þórðardóttir

Elí – Ágúst Elí Ásgeirsson

Stilla – Atli Arnarsson og Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir

Myndlist

Blika – Ólöf Ágústa Stefánsdóttir

Gluggar – Björg Steinunn Gunnarsdóttir

Þverfaglegt

Grænn Kópavogur – Margeir Haraldsson

VERA – Bjartey Elín Hauksdóttir og Margrét Rún Styrmisdóttir

Örbrot – Eyja Orradóttir, Eva Hlín Vilhjálmsdóttir og Rögnvaldur Konráð Helgason

UNDUR – Andrea Rán Jóhannsdóttir og Berglaug Petra Garðarsdóttir

Tarantúla Geimprinsessa – Þrándur Jóhannsson og Þröstur G. Söring

Tilraunakennda Brúðuleikhúsið – Andrés Þór Þorvarðarson og Rakel Andrésdóttir

Vegglist

Julija Panova

Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir

Óðinn Páll Ríkharðsson

Listrænn stjórnandi – Árni Már Erlingsson